

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 899 (7.3.2019) - Vinabæjarmót í Borgå Finnlandi 26.-28.06.2019 - upplýsingar frá mótinu 2016

Málsnúmer : 201902153
Málsaðili : Vinabæjir
Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram
Fundardagur : 07.03.2019

Inngangur : Á 898. fundi byggðaráðs þann 28. febrúar 2019 var eftifarandi bókað:

"Tekið fyrir bréf frá Jukka-pekka Ujula, borgarstjóra í Borgå í Finnlandi. Boðið er til vinabæjarmóts í Borgå dagana 26.-28.06.2019. Reiknað er með 2-6 þátttakendum og 2-6 ungmennum frá hverjum vinabæ. Skila skal þátttökutilkynningu fyrir 14.apríl 2019.

a)Byggðaráð óskar eftir upplýsingum og samantekt frá síðasta vinabæjamóti.

b) Byggðaráð vísar ofangreindu máli til íþróttá- og æskulýðsfulltrúa og ungmennaráðs til umsagnar."

Með fundarboði byggðaráðs fylgdi til upplýsingar minnisblað innanhúss fyrrverandi sveitarstjóra frá 29. mars 2016 um undirbúningsfund í september 2015 vegna vinabæjamóts í Lundi í júní 2016 og minnispunktur innanhúss frá fyrrverandi upplýsingafulltrúa eftir vinabæjamótið í Lundi 2016.

Til umræðu ofangreint.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela íþróttá- og æskulýðsfulltrúa að kanna fyrir umfjöllun Ungmennaráðs hvort og hvaða styrkir eru í boði ef lagt er til að ungmenni frá Dalvíkurbyggð sækji vinabæjamótið.